

Nd.

209. Frumvarp til laga

[125. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1940, um lögreglumenn.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi:

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkvæmt 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. september ár hvert í kaптúnum, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna síldveiðanna. Um fyrirkomulag slíkrar löggæzlu skal nánar ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á nokkrum stöðum norðanlands og austan, þar sem ekki eru fastir lögreglumenn starfandi, hefur reynzt nauðsynlegt að sjá fyrir löggæzlu um síldveiðitímann vegna mannfjölda þess, er þar dvelur um stundarsakir, í landi og á skipum í höfnum. Hafa hlutaðeigandi hreppar ráðið reykvíska lögreglumenn í sumarleyfi til að hafa löggæzluna á hendi og greitt kostnaðinn við löggæzluna, en Alþingi veitt nokkurn styrk á fjárlögum til slíkrar löggæzlu á tilteknum stöðum. Þrátt fyrir þessa þátttöku ríkissjóðs í kostnaðinum er hér um nokkuð þungbæra byrði að ræða fyrir fámenn og efnalítill hreppsfélög og ekki alls kostar eðlilega, þar sem utanaðkomandi ástæður valda því, að löggæzlan á sér stað. Þar sem ríkið hefur lögreglumenn í þjónustu sinni, virðist réttmætt, að þeir annist þá löggæzlu, sem hér er um að ræða, hreppsfélögunum að kostnaðarlausu.